

## 4. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi felld lög nr. 48 25. apríl 1973 og lög nr. 53 20. maí 1974.

## 5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík 29. desember 1980.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Tómas Árnason.*

**L Ö G****um Grænlandssjóð.****FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Stofna skal sjóð, er nefnist Grænlandssjóður, til að stuðla að nánari samskiptum Íslendinga og Grænlandinga.

## 2. gr.

Grænlandssjóður skal veita styrki til kynnisferða, námsdvala, listsýninga, íþróttasýninga og annarra málefna á sviði lista, vísinda og tæknimála, er geta stuðlað að eflingu samskipta Grænlandinga og Íslendinga.

## 3. gr.

Ríkissjóður skal leggja í Grænlandssjóð árin 1981 og 1982 125 milljónir kr. hvort ár. Verði breyting á gengi danskrar krónu frá því að lög þessi taka gildi skal framlag ríkissjóðs til sjóðsins breytast í samræmi við það. Auk þess skal sjóðsstjórnin leita eftir framlögum í sjóðinn frá fyrirtækjum, stofnunum, félagssamtökum og einstaklingum.

## 4. gr.

Seðlabanki Íslands skal annast fjárreiður Grænlandssjóðs og ávaxta fé hans. Framlögum og öðrum tekjum sjóðsins má jafnóðum breyta í grænlandskan gjaldeyri.

## 5. gr.

Til styrkveitinga skal verja allt að 9/10 hlutum vaxtatekna sjóðsins. Eigi skal skerða stofnfé sjóðsins. Gjafir til sjóðsins skulu að jafnaði leggjast við stofn hans, nema stjórn sjóðsins sé sammála um að verja ákveðnum gjöfum eða framlagi til einstaks verkefnis, sem hún telur að sé sérstaklega þörf fyrir.

## 6. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð 5 mönnum. Alþingi kys þá hlutfallskosningu í saminuðu Alþingi. Forsætisráðherra skipar formann stjórnarinnar. Kjörtímabil stjórnarinnar skal vera til þriggja ára. Stjórn sjóðsins skal vera ólaunuð.

## 7. gr.

Formaður sjóðsstjórnar ákveður hvenær stjórnin kemur saman til fundar, en auk þess geta tveir stjórnarmenn krafist fundar.

Forsætisráðherra setur reglugerð um starfsemi sjóðsins, ef sjóðsstjórnin óskar þess.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík 31. desember 1980.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Gunnar Thoroddsen*

## L Ö G

um breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971,  
með síðari breytingum.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

20. gr. orðist svo:

C. TEKJUR

20. gr.

Útgjöld lífeyrstrygginga skulu ríkissjóður og atvinnurekendur bera.

Framlag atvinnurekenda skal vera 2% af öllum tegundum launa eða þóknana fyrir starf liðins árs. Sama er hvort greitt er í peningum eða á annan hátt. Sé greitt á annan hátt en í peningum, t. d. í hlunnindum, skal meta þau til stofns eftir sömu reglum og gilda um launaskatt skv. lögum nr. 14/1965 með síðari breytingum.

2. gr.

2., 3. og 4. mgr. 21. gr. orðist svo:

Samkvæmt þessari staðfestu áætlun skal ákveðið framlag ríkisins næsta ár.

Nú verður veruleg breyting fyrir árslok á einhverjum þeim atriðum í framlagi ríkisins, sem miðað er við, þegar grundvöllur fjárhagsáætlunar var lagður, og getur ráðherra þá breytt framlögum ríkisins í samræmi við þá breytingu.

Komi í ljós við reikningslok, að hið áætlaða framlag ríkisins hafi verið of hátt eða of lágt, skal áætlað framlag ríkisins fyrir næsta ár við það miðað, að leiðrétting náist.

3. gr.

3. gr. laga nr. 59/1978, sbr. 25. gr. laga nr. 67/1971 falli niður.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1981.

*Gjört í Reykjavík 29. desember 1980.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Svavar Gestsson.*